

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. maí 1994

um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE

(94/360/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 8. gr.,

I. gr.

1. Við beitingu 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE skulu aðildarríkin lækka tíðni eftirlits með ástandi afurða frá þriðju löndum eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa ákvörðun, ef teknar hafa verið bandalagsákvæðanir sem staðfesta, með fyrirvara um EES-samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Lægri tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga, sem eru fluttar inn frá þriðju löndum, skal ákveðin með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE um reynslu í aðildarríkjunum og hættu með tilliti til heilbrigðis manna og dýra í bandalaginu.

— skrá yfir viðurkennd þriðju lönd,

— skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar (heilbrigði dýra og manna), og

— fyrirmynd að vottorði (heilbrigði dýra og manna).

Að því er varðar tiltekin þriðju lönd sem bandalagið hefur samið við um jafngildi er enn fremur unnt að lækka tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurða, meðal annars með því að taka tillit til beitingar meginreglunnar um svæðaskiptingu þegar um dýrasjúkdóm er að ræða og til annarra meginreglna um dýraheilbrigði í bandalaginu.

2. Að því er varðar þriðju löndin sem um getur í II. viðauka skal tíðni eftirlits með ástandi sem hvert aðildarríki viðhefur með sendingum afurða sem tilheyra sama flokki vera eins og mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Lækkun á tíðni eftirlits með ástandi er skipulagt í hverju aðildarríki fyrir sig. Skipulagið skal vera með þeim hætti að innflytjandi geti með engu móti vitað hvort eftirlit verði haft með ástandi tiltekinnar vörusendingar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda með fyrirvara um 15. og 19. gr. tilskipunar 90/675/EBE.

Nauðsynlegt er að endurskoða reglulega lækkaða tíðni á grundvelli upplýsinga sem framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum berast um framkvæmd eftirlits á skoðunarstöðvum á landamærum.

Ef aðildarríki beitir þeim ráðstöfunum, sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 90/675/EBE, skal endurskoða ástandið eins skjótt og auðið er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. tilskipunar 90/675/EBE. Í þessu augnamiði skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þegar í stað, einkum með tilliti til framkvæmdar annarrar undirgreinar 3. mgr. 3. gr. þessarar ákvörðunar.

Aðildarríkin skulu þegar í stað láta framkvæmdastjórnina vita ef eftirlitið leiðir í ljós að afurðir fullnægja ekki nauðsynlegum kröfum eða sýnt er fram á aðra vanrækslu.

2. gr.

Aðildarríkin skulu skipuleggja eftirlit með ástandi með þeim hætti að innflytjandi geti með engu móti vitað hvort eftirlit verði haft með ástandi tiltekinnar vörusendingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hver skoðunarstöð á landamærum, sem er tilgreind í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/24/EB⁽¹⁾, skrái niðurstöður úr öllu eftirliti með innfluttum afurðasendingum í samræmi við III. viðauka við þessa ákvörðun í 18 mánuði hið minnsta frá því að skoðun á sér stað. Þessar skráðu upplýsingar skulu taka til sendinga sem er hafnað með tilliti til frjálsrar dreifingar í bandalaginu. Dýraheilbrigðisstjórnvald í hverju aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni, fyrir 1. september 1994 og eftir það á sex mánaða fresti, yfirlit yfir niðurstöðurnar í því formi sem er sýnt í III. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir fastanefndina um dýraheilbrigði skýrslu á grundvelli yfirlitanna sem kveðið er á um í 1. mgr., til að hún geti metið niðurstöður úr því eftirliti sem hefur átt sér stað.

3. Á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin endurskoða tíðnina sem er tilgreind í I. og II. viðauka tvisvar á ári, og í fyrsta skipti fyrir 1. október 1994.

Framkvæmdastjórnin skal enn fremur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr. tilskipunar 90/675/EBE, endurskoða tíðnina sem um getur í I. og II. viðauka við þessa ákvörðun að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE, og beitingu meginreglunnar um svæðaskiptingu og annarra meginreglna um dýraheilbrigði í bandalaginu.

4. Ef dýraheilbrigðiseftirlit leiðir í ljós vanrækslu sem hefur í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir heilbrigði dýra eða manna skulu aðildarríkin þegar í stað láta framkvæmdastjórnina vita þar um.

4. gr.

Tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa ákvörðun skal ekki hafa áhrif á ákvæði um eftirlit með ástandi sem eru sett í tilskipun 92/118/EBE eða annarri ákvörðun bandalagsins samkvæmt þeirri tilskipun eða í annarri löggjöf bandalagsins.

5. gr.

Í hvert skipti sem tiltekin tíðni eftirlits með ástandi er tilgreind í ákvörðun ráðsins um dýraheilbrigðissamninga um jafngildi skal framkvæmdastjórnin tilgreina slíka tíðni í II. viðauka.

6. gr.

Ákvörðun þessari verður breytt jafnskjótt og ráðið samþykkir viðkomandi breytingar á tilskipun 90/675/EBE.

7. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. október 1994.

Ákvæði 3. gr. skulu öðlast gildi á 15. degi frá því að tilkynnt er um þessa ákvörðun.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1994, bls. 16.

I. VIÐAUKI

FLOKKAR AFURÐA OG TÍÐNI EFTIRLITS MEÐ ÁSTANDI SEM HVERT AÐILDARRÍKI SKAL VIÐHAFA VEGNA SENDINGA AFURÐA SEM ERU FLUTTAR INN FRÁ STARFSSTÖÐVUM ÞRÍÐJU LANDA SEM UM GETUR Í 1. GR.

Flokkar afurða	Tíðni eftirlits með ástandi
I. flokkur	
1. Nýtt kjöt, þær með talið slátur, og afurðir af nautgripa-, sauðfjár-, geita-, svína- og hófdýrategundum sem eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 92/5/EBE ⁽¹⁾	} 20%
2. Fiskafurðir í loftþéttum lokuðum ílátum sem gera þær ónæmar fyrir umhverfishita, nýr og frystur fiskur og þurrkaðar og/eða saltaðar fiskafurðir ⁽²⁾	
3. Heil egg	
4. Svínafeiti og brædd fita	
5. Dýragarnir	
6. Útungunaregg	
II. flokkur	
1. Alifuglakjöt og afurðir úr því	} 50%
2. Kanínukjöt, villibráð (líka alivillibráð) og afurðir úr því	
3. Mjólk og mjólkurafurðir til manneðis	
4. Eggjaafurðir	
5. Unnið dýraprótein til manneðis	
6. Aðrar fiskafurðir en þær sem um getur í 2. lið I. fl. og samlokur (tvískelja lindýr)	
7. Hunang	
III. flokkur	
1. Sæði	} lágmark 1% hámark 10%
2. Fósturvísar	
3. Húsdýraáburður	
4. Mjólk og mjólkurafurðir (ekki til manneðis)	
5. Gelatín	
6. Froskafætur og sniglar	
7. Bein og afurðir úr þeim	
8. Húðir og skinn	
9. Burstir, ull, hár, fjaðrir	
10. Horn, afurðir úr þeim, hófar og afurðir úr þeim	
11. Býræktarafurðir	
12. Veiðiminjar	
13. Unnið gæludýrafóður	
14. Hráefni til framleiðslu gæludýrafóðurs	
15. Hráefni, blóð og blóðafurðir, kirtlar og líffæri til lyfjanotkunar	
16. Blóðafurðir til tæknilegrar notkunar	
17. Lifandi smitefni	
18. Hey og hálmur	

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 57, 2. 3. 1992 bls. 1.

⁽²⁾ Með fyrirvara um aðra undirgrein 10. gr. tilskipunar 91/493/EBE (nýr fiskur).

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND OG TÍÐNI EFTIRLITS MEÐ ÁSTANDI SEM UM GETUR Í 5. GR.

—————

III. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR EFTIRLIT MEÐ SENDINGUM SEM ÆTLUNIN ER AÐ FLYTJA INN TIL
BANDALAGSINS**

Afurðaflokkur samkvæmt skráningarnúmeri í I. viðauka	Upprunaland (tveggja-stafa ISO-kóði)	Fjöldi sendinga	Fjöldi endursendinga	Ástæða fyrir endursendingu (tilgreinið eitt ták)	Athugasemdir ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Þar með talið, ef fyrir liggur skrá yfir starfsstöðvar, skrá yfir númer starfsstöðva sem endursenda sendingin kom frá.

Höfnunartákn:

A: ófullnægjandi niðurstöður úr sannprófun skjala

B: niðurstöður úr eftirliti með ástandi ófullnægjandi með tilliti til dýraheilbrigðis

C: niðurstöður úr eftirliti með ástandi ófullnægjandi með tilliti til almannaheilbrigðis